

## Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar

### 1. gr. Ábyrgð

Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan lögreglunnar. Hann gerir starfslýsingu fyrir jafnréttisfulltrúa lögreglunnar, jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúa embætta.

Lögreglustjórar bera ábyrgð á framgangi jafnréttis- og framkvæmdaáætlunar innan embættis síns.

### 2. gr. Markmið

Markmið jafnréttis- og framkvæmdaáætlunarinnar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum innan lögreglunnar. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð m.a. kyni, kynhneigð, samfélagsstöðu, uppruna eða litarhætti.

### 3. gr. Aðgerðaráætlun í jafnréttismálum

Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar skal gera aðgerðaráætlun ár hvert, þar sem markmið, aðgerðir, árangursmælikvarðar, tími og ábyrgð verkefna eru vel skilgreind. Aðgerðaráætlun hvers árs skal birta á innra neti lögreglunnar.

### 4. gr. Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar

Ríkislögreglustjóri skipar jafnréttisfulltrúa lögreglunnar til þriggja ára í senn. Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar starfar á landsvísu og fer með umsjón jafnréttismála. Í því felst m.a. að:

- Sjá til þess að jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar sé fylgt eftir, að hún sé kynnt starfsmönnum og endurskoðuð reglulega.
- Fylgjast vel með jafnréttisumræðu og taka eftir atvikum þátt í samstarfi vegna jafnréttismála, jafnt innan sem utan lögreglunnar.
- Koma eftir atvikum að úrlausnum mála sem tengjast jafnréttismálum, kynferðislegri áreitni eða einelti.
- Stuðla að sýnileika, þekkingu og skilningi á jafnréttismálum innan og utan lögreglunnar.
- Vinna að forvörnum tengt kynbundnu misrétti, kynferðislegri áreitni eða einelti innan lögreglunnar.
- Sjá til þess að leiðbeinandi verklagsreglur um einelti og kynferðislega áreitni sé fylgt eftir, að þær séu kynntar starfsmönnum og endurskoðaðar reglulega.

- Safna kynskiptum upplýsingum og framkvæma eftir atvikum kannanir á starfsumhverfi og stöðu jafnréttismála innan lögreglunnar. Sé talin þörf á leggur jafnréttisfulltrúi fram tillögur að sértækum aðgerðum.
- Birta og viðhalda upplýsingarefni tengt jafnréttismálum á ytra og innra neti lögreglunnar eftir atvikum.
- Stuðla að öflugu og samhæfðu jafnréttisstarfi innan lögreglunnar.
- Boða jafnréttisnefnd til fundar í apríl ár hvert og oftár ef þörf er á.
- Boða jafnréttisfulltrúa embætta til fundar við jafnréttisnefnd í október á hverju ári og oftár ef þörf er á.
- Halda kynningu á stöðu jafnréttismála lögreglunnar fyrir nýnema Lögregluskóla ríkisins ár hvert.
- Vera tengiliður við jafnréttisfulltrúa innanríkisráðuneytisins, jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúa embætta.
- Kynna niðurstöður úr árlegri samantekt jafnréttisnefndar um stöðu jafnréttismála innan og utan lögreglunnar.

## 5. gr.

### Jafnréttisnefnd

Ríkislögreglustjóri skipar jafnréttisnefnd til þriggja ára í senn. Nefndin er jafnréttisfulltrúa lögreglunnar til aðstoðar og ráðgjafar. Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar er formaður nefndarinnar sem er auk hans skipuð fulltrúa Lögregluskóla ríkisins, Lögreglustjórafélags Íslands, Landsambandi lögreglumanna, Stéttarfélagi í almannajónustu og Bandalagi háskólamanna.

Jafnréttisnefnd skal funda í apríl ár hvert og oftár ef þörf er á. Hlutverk hennar felst m.a. í að:

- Viðhalda og endurskoða jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar.
- Vera jafnréttisfulltrúa lögreglunnar til aðstoðar og ráðgjafar.
- Útbúa og viðhalda úrræðum og leiðbeiningum tengdum kynferðislegri áreitni eða einelti fyrir þolendur, stjórnendur og jafnréttisfulltrúa embætta.
- Sjá til þess að fagråd lögreglunnar sem tekur til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar sé starfrækt.
- Hafa yfirsýn og taka saman og birta árlega samantekt um stöðu jafnréttismála innan lögreglunnar á bæði ytra og innra neti lögreglunnar.

## 6. gr.

### Jafnréttisfulltrúar lögregluembættanna

Lögreglustjórar skipa jafnréttisfulltrúa við embætti sín til þriggja ára í senn. Þeir vinna að jafnréttismálum innan embættisins og eru starfsmönnum, jafnréttisfulltrúa lögreglunnar og jafnréttisnefnd til aðstoðar og ráðgjafar. Í því felst m.a. að:

- Sjá til þess að jafnréttis- og framkvæmdaáætlun sé fylgt eftir innan embættisins.
- Fylgjast vel með jafnréttisumræðu og taka eftir atvikum þátt í samstarfi vegna jafnréttismála, jafnt innan sem utan lögreglunnar.
- Efla til fræðslu tengt kynbundnu misrétti, kynferðislegri áreitni eða einelti innan embættisins.
- Beina eftir atvikum málum í réttan farveg (Fagråd).
- Afla og miðla umbeðinna upplýsinga tengt jafnréttismálum til jafnréttisfulltrúa lögreglunnar og jafnréttisnefndar, sé þess óskað.
- Taka saman samantekt um stöðu jafnréttismála skv. framkvæmdaáætlun lögreglunnar.
- Birta og viðhalda upplýsingaefni tengdu jafnréttismálum á innra neti embættisins.

- Setja fram sértækar aðgerðir í jafnréttismálum í samráði við jafnréttisfulltrúa lögreglunnar, sé talin þörf á slíku.

#### 7. gr.

### **Fagráð lögreglunnar sem tekur til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar**

Fagráð lögreglunnar getur verið ríkislögreglustjóra og lögregluembættunum til ráðgjafar um mál er tengjast beinni og óbeinni mismunun, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og einelti.

Ríkislögreglustjóri skipar í fagráð lögreglunnar að fengnum tilnefningum frá jafnréttisnefnd lögreglunnar. Fagráðið er skipað til tveggja ára í senn. Jafnréttisnefnd lögreglunnar setur fagráðinu reglur um vinnulag og skilgreinir með hvaða hætti það kemur að úrlausn þeirra mála sem upp koma. Sjá nánar um hlutverk ráðsins í verklagsreglum þess á innra neti lögreglunnar.

#### 8. gr.

### **Stöðuveitingar, starfsþjálfun og endurmenntun**

Laus störf skulu standa opin öllum þeim sem uppfylla hæfnisskilyrði, óháð kyni, kynhneigð, samfélagsstöðu, uppruna eða litarhætti. Í auglýsingum skulu störf vera ókyngreind. Unnið skal markvisst að því að jafna kynjahlutfall starfsmanna lögreglunnar og innan einstakra starfssviða hennar. Stuðla skal að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Tryggt skal að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings í öðrum störfum. Leitast skal við að jafna kynjahlutfall þeirra sem sækja endurmenntun, starfsþjálfun og námskeið.

#### ALMENNAR AÐGERÐIR:

- Í auglýsingum um laust starf skulu konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um og tekið skal fram að við ráðningu sé tekið mið af jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar.
- Þann 1. febrúar ár hvert skal kynskiptum upplýsingum safnað um:
  - Starfsmenn lögreglu, skipt eftir embættum, starfstitli og stöðugildum.
  - Umsóknir og veitingu starfa í lögreglu/lögregluskóla.
  - Starfsmannaveltu innan lögreglunnar og ástæðu brotthvarfs starfsmanna.

#### 9. gr.

### **Launa- og kjaramál**

Við ákvörðun launa og hverskonar hlunnindagreiðslna skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konur og karlar skulu fá greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

#### ALMENNAR AÐGERÐIR:

- Kjara- og stofnanasamningar eru grundvöllur að ákvörðun launa og hlunnindagreiðslna.
- Að því marki sem hægt er skal gera könnun á því hvort að um kynbundin launamun er að ræða.

## 10. gr.

### Stjórnun og stefnumótun

Innan lögreglunnar skal gætt að kynjasamþættingu við alla stefnumótun, áætlanagerð og ákvörðunartöku. Mikilvægt er að konur og karlar hafi sömu tækifæri til þátttöku í stjórnun og stefnumótun innan lögreglunnar. Við skipan í nefndir og starfshópa ræður fagþekking mestu en þess utan skal gæta fylsta jafnréttis á milli kvenna og karla og leitast við að hafa jafnt hlutfall þar á milli.

#### ALMENNAR AÐGERÐIR:

- Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir og starfshópa á vegum lögreglunnar skal minnt á ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008.

## 11. gr.

### Starfsskyldur og einkalíf

Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starfsskyldur sínar og einkalíf og skulu bæði kyn njóta sömu möguleika til þess.

#### ALMENNAR AÐGERÐIR:

- Hvert embætti skal skilgreina og kynna fyrir starfsmönnum hvaða sveigjanleiki er í boði innan embættisins/starfseininga. Skilgreina skal ferli/verklag tengt óskum, veitingu eða synjun á sveigjanleika til samræmingar á starfsskyldum og einkalífi, í samræmi við gildandi lög.
- Stjórnendur skulu hvetja starfsmenn til að taka jafna ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili og nýta að jöfnu rétt til fæðingar- og foreldraorlofs og leyfis vegna veikinda barna.

## 12. gr.

### Fræðslu- og skólastarf

Í samræmi við 23. gr. Jafnréttislaga nr.10/2008 um menntun og skólastarf skal veita fræðslu um jafnréttismál í Lögregluskóla ríkisins. Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð skólans og sérstaklega að kennsla og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunad. Lögregluskóli ríkisins skal halda utan um kynskiptar upplýsingar, bæði í grunnnáms- og framhaldsdeild skólans.

## 13. gr.

### Kynferðisleg áreitni og einelti

Kynferðisleg áreitni og einelti teljast til alvarlegra brota og ber að fást við þau eftir viðurkenndum leiðum sem upplýsingar liggja fyrir um og sérstaklega hafa verið kynntar öllum starfsmönnum. Ef starfsmaður lögreglunnar telur sig hafa orðið fyrir kynbundnu misrétti, kynferðislegri áreitni eða einelti, eða orðið vitni að slíku, er mikilvægt að hann tilkynni það svo fljótt sem verða má til næsta yfirmanns eða stjórnanda, trúnaðar- eða öryggistrúnaðarmanns, stéttarfélags, jafnréttisfulltrúa hlutaðeigandi embættis, jafnréttisnefnd LL, jafnréttisfulltrúa lögreglunnar eða fagráðs lögreglunnar.

#### ALMENNAR AÐGERÐIR:

- Fara skal yfir og viðhalda úrræðum og leiðbeiningum fyrir þolendur, lögreglustjóra, yfirmenn/stjórnendur, jafnréttisfulltrúa, og starfsmenn lögreglu, tengt kynferðislegri áreitni og einelti.
- Tryggja skal að úrræði og verklagsreglur er lúta að einelti og kynferðislegri áreitni séu kunn öllum starfsmönnum og aðgengileg á innra neti lögreglunnar.

- 1.febrúar ár hvert, skal taka saman kynskiptar upplýsingar um fjölda mála, gerendur, þolendur, afgreiðslur og niðurstöður mála er varða kynferðislega áreitni eða einelti. Embætti ríkislögreglustjóra gefur út yfirlit yfir fjölda þessara mála í árlegri samantekt um jafnréttismál lögreglunnar.

14. gr.  
**Lagalegar forsendur**

Jafnréttisáætlun þessi er sett með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, þar sem kveðið er á um að stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli skuli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.

15. gr.  
**Gildistaka**

Reglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 1.apríl 2015



Haraldur Johannessen  
ríkislögreglustjóri